

**1. Hafnarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
föstudaginn 18. febrúar 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Tryggvi Ársælsson (TÁ), Magnús Kr. Guðjónsson (MKrG), Jóna Sigurveinsdóttir (JS), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS),

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, hafnarstjóri.

Fundargerð færð í tölvu af EIS 2.mars 2011

Dagskrá:

- 1. 1005012 - Hafnarvörður tillaga að gjaldskrá og hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn**
Hafnarreglugerð Tálknafjarðarhafnar nr.775/2010 lögð fram.
- 2. 1102059 - Gjaldskrá Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps**
Gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar lögð fram drög að nýrri gjaldskrá, ásamt ársreikningi hafnarinnar fyrir árið 2009. Lögð er til breyting á :
1.gr.gjaldskrárinnar þ.a. í stað þess að gjaldskráin taki breytingum skv.byggingavísitölu 1.janúar ár hvert þá standi " *...tekur breytingum skv.ákvörðun hafnarstjórnar 1.janúar ár hvert.*"
18.gr.vatnssala lögð fram tillaga þess efnis að vatnsgjald báta yfir 50 bt skuli vera kr. 1.225.- fyrir hverja löndun, bætt verði við *"en að hámarki fyrir fimm landanir í mánuði."*
25.gr.gildistaka *"Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi"*

Gjaldskráin borin upp til samþykktar með áorðnum breytingum. Samþykkt samhljóða.
- 3. 1102060 - Endurbygging gömlu bryggju.**
Hafnarstjóri (EIS) fór yfir sögu málsins og kynnti nefndarmönnum þau samskipti sem farið hafa á milli Siglingastofnunar og hreppsnefndar vegna verksins, þá lágu frammi teikningar af bryggjunni og gróf verklýsing. Hafin verður vinna við endurbyggingu gömlu bryggju á komandi sumri. Hafnarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með að loksins skuli vera komið að þessari framkvæmd sem mun breyta starfsaðstöðu útgerðar og ekki síður er um öryggisatriði að ræða þar sem ástand bryggjunar hefur verið slæmt í nokkur ár. Samþykkt samhljóða.
- 4. 1103027 - Önnur mál**
Hafnarverði (ÁJ) falið að saga rás fyrir niðurfall á nýju bryggju við löndunarkrana. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____